

# BRUNAVARNAÞING 2003

## Framkvæmda- og hönnunareftirlit með byggingum í eigu ríkisins

**Framkvæmdasýsla ríkisins**

**Óskar Valdimarsson, forstjóri**

**Föstudaginn 4. apríl 2003**

# Hlutverk FSR

- Þjónustuhlutverk
  - Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana
  - Umsjón verklegra framkvæmda
  - Bókhalds- og greiðsluþjónusta
  - Útgáfa skilamata
- Stjórnsýsluhlutverk
  - Útgáfa leiðbeiningarrita
  - Þróun verktakamarkaðar
  - Auka skilvirkni og fagleg vinnubrögð
  - Þátttaka í mótun lagaumhverfis
  - Þátttaka í setningu vinnureglna

# Útboðslýsingar

- Stöðluð framsetning á kaflaheitum
- Upphafsfundur í september 1996
- Þátttakendur í vinnuhópi:
  - FRV, AÍ, SI, FSR, Borgin (byggingadeild), Rb
- Rb gaf út leiðbeiningar í júlí 1998:
  - “Útboðslýsing – Uppröðun og framsetning”
- FSR og Borgin nota þetta form með sínum eigin staðlaða texta (fsr.is)

# Verklýsingabanki

- Miðlægur, samræmdur banki á Netinu
- Eiginleikalýsingar í stað verklýsinga
- Rb að ljúka forritun fyrsta fasa
- Rannís hefur styrkt verkefnið
- Frumkvæði hjá eftirtöldum aðilum:
  - Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins
  - Framkvæmdasýsla ríkisins
  - Reykjavíkurborg ( Fasteignastofa )
  - Félag ráðgjafarverkfræðinga
- Rætt um sjálfseignarstofnun

# Teikningar og fleira

- Leiðbeiningar fyrir tölvuteikningar
  - Samvinna Tölvutæknifélagsins og FSR
  - Tölvutækni 3 gefin út 1998
- Líftímakostnaður mannvirkja
  - Samvinna við Norðurlöndin
  - “Masters”-verkefni hjá FSR árið 2002
  - Stefnt að innleiðingu í áföngum
- Vistvæn byggingarstarfsemi
  - Val á byggingarefnum
  - Niðurrif og byggingaúrgangur
  - Náttúruleg loftræsing
  - Stefnt að innleiðingu í áföngum

# Gæðastefna FSR

- Stuðla að framförum íslensks ráðgjafa- og verktakamarkaðar.
- Hvetja til innleiðingar gæðakerfa hjá ráðgjöfum og verktökum, sem eru viðskiptavinir stofnunarinnar.
- Innleiða  gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðastaðlinum ISO 9001:2000.  Kerfið skal vera einfalt, skilvirkt og vottað af faggiltri vottunarstofu.

# “Gæðastimpill”

- Draumur allra verkkaupa
- Krefst samvinnu (gæðakerfa):
  - Verkkaupa
  - Hönnuða
  - Verktaka
  - Eftirlits
- Sparar fjármuni til langs tíma

# Staða gæðamála

- Aðilar hvattir til gæðavinnu
- Kröfur um gæðakerfi eru í samningum við hönnuði og verktaka  (2 ár)
- Fáir aðilar með “alvöru” gæðakerfi
- Kröfum framfylgt af skilningi
- Kröfur verða að fylgja markaðnum
- Samstarf við aðra verkkaupa og SI

# Samstarfsaðilar um samræmdar kröfur um gæðastjórnun í útboðum

# Þátttaka í námskeiðum SI



# Kröfur í útboðsgögnum

- Verkkaupi gerir þá kröfu til verktaka að hann útbúi verkmöppu gæðakerfis, sem tekur á innra eftirliti og sjái til þess að undirverktakar sem hann hyggst ráða til verksins vinni samkvæmt þeirri verkmöppu.

- Verktaki skal leggja fram verkmöppu gæðakerfis fyrir undirritun verksamnings. Grundvallarkröfur sem verkkaupi gerir til verkmöppunnar eru settar fram í fylgiriti “E – 04” með útboðs- og verkskilmálum þessum.

# Rafræn útboðsgögn

- Upphaflega krafa frá verktökum
- FSR viðhaft blandað kerfi í tvö ár
- “Rafrænt eingöngu” frá febrúar 2003
- Teikningar og lýsingar á “Pdf” formi
- Tilboðsskrá í Excel með formúlum
- Myndir og annað ítarefni sett á diskinn
- Fyrirspurnum svarað rafrænt
- Niðurstöður útboða á heimasíðu
- Mikil ánægja meðal verktaka

# Verkefnishandbækur á Netinu

- Svæði á netþjóni tekið frá fyrir hvert verk
- Hönnuðir skipast á teikningum
- Verktaki fær afhent útboðsgögn
- Verktaki fær afhentar breytingar
- Eftirlit vistar bréf og fundargerðir
- Eftirlit vistar framvinduskýrslur
- Verktaki vistar athugasemdir
- Verkkaupi fylgist með verkinu

# Gæðakerfi við hönnun

## Innleiðingaráætlun FSR:

- Hönnuðir hafi gæðakerfi árið 2005
- Vottuð gæðakerfi fyrir árið 2007
- Ekki samið við hönnuði án gæðakerfa
- FSR tók upp gæðakerfi í febrúar 2003
- FSR stefnir að vottun á árinu 2004
- Kallar á aukna samvinnu ráðgjafarstofa
- Sömu kröfur gerðar til eftirlitsaðila

# Samningar við hönnunarteymi

- Kaup á ráðgjöf - Leiðbeiningarrit
- Einn samningur “óskipt ábyrgð”
- Ábyrgð hönnuða ítrekuð
- Áhersla lögð á innri samræmingu
- Notkun samræmdra gæðakerfa
- Tryggir aðkomu allra sérfræðiráðgjafa
- Einn tengiliður við verkkaupa

# Eftirlit með hönnun

- Staðlaðir hönnunarsamningar
- Byggt á ÍST 30 og FIDIC
- Nákvæm lýsing verkefnis
- Þátttaka hönnuða í úttektum
- Þjónusta hönnuða á framkvæmdatíma
- Eftirlit með hönnun snýst oft að miklu leyti um kostnaðargát og tímamörk
- Hönnuðir látnir um faglegar útfærslur
- Reglubundnir samráðsfundir
- Hönnuðir hafa ekki eftirlit í eigin verkum

# Eftirlit á framkvæmdatíma

## BARNASPÍTALI HRINGSINS



# Umfang og eðli eftirlits

- Eftirlit með innri frágangi boðið út, þar með talin tæknikerfi
- Umfang framkvæmdar um 750 m.kr. og verktími um 16 mánuðir
- Miklar kröfur um hæfni og reynslu
- Tveggja umslaga kerfi við útboðið
- Vægi reynslu og hæfni 60%.
- Krafa um gæðakerfi hjá eftirlitsaðila

# Uppbygging gæðakerfis

- Skilgreining og afmörkun verkefnis
- Markmiðssetningar varðandi kostnað, tíma og gæði
- Greining hagsmunaaðila verksins
- Ábyrgðir og boðleiðir ákvarðaðar
- Greining verkefnis
- Mat á áhættu verkþátta
- Gerð eftirlitsáætlunar
- Aðlögun verklagsreglna

# Samskipti og boðleiðir

**Skýringar:**
Yfirumsjón og samræmingu með hönnun hefur arkitekt (TRÖÐ). Eftirlitsaðili (VSÓ) leytar umsagnar arkitekts þegar hönnun þarfnast skýringar við.
Efirlitsaðili hefur bein samskipti við verktaka varðandi framkvæmd verksamnings.



# Afhending hönnunargagna

| | |
|---|---|
| **Markmið** | Að lýsa afhendingu hönnunargagna frá hönnuðum til eftirlits og þaðan til verktaka. |
| **Framkvæmt af** | Hönnuði og eftirliti |
| **Hvenær** | Í hvert skipti sem breyting er gerð á hönnun: teikningum, verklýsingu. |
| **Tilvísanir** | Teikningaskrá, breytingar á verklýsingu/tilboðsskrá, EB 4-31 Afhending hönnunargagna. |

---

**Ábyrgð** Hönnuður (hvert fagsvið) er ábyrgur fyrir dreifingu gagna til eftirlits sem síðar er ábyrgt fyrir dreifingu til verktaka.

**Framkvæmd** Eftirlit móttekur breytingar frá hönnuði (teikningar, teikningaskrá, verklýsingu, breytingar í tilboðsskrá o.s.frv.) Þau gögn sem eftirlit afhendir verktaka eru tilgreind á sérstöku eyðublaði EB 4-31. Eftirlit uppfærir nr. afhendingu breytingablaðs (EB 4-31), dagsetningu afhendingar og áritar eyðublaðið. Breytingar á verklýsingu skulu færðar jafn harðan inn í verklýsinguna og breytingar í tilboðsskrá inn í EB 4-41b.

Flæðirit




1. Hönnuður sendir frá sér breytingar á hönnunargögnum sem samræmdar hafa verið milli hönnuða, samþykktar af verkkaupa og opinberum aðilum. Arkitekt er ábyrgur fyrir samræmingu milli hönnuða:

Hönnuður sér til þess að eftirlit fái afhentar teikningar þar sem að breytingar eru skilmerkilega auðkenndar. Teikninga-skrá er gefin út í hvert skipti sem teikningum er breytt, þar sem rétt útg. nr. og dagsetning kemur fram. Teikningar sem gefnar eru út hverju sinni eru auðkenndar sérstaklega í teikningaskránni. Ennfremur skulu fylgja skilmerkilegar upplýsingar um breytingar í tilboðsskrá.

2. Framkvæmdaeftirlit móttekur breytingar á hönnunargögnum og kemur þeim til verktaka.

3. Verktaki staðfestir móttekur breytingar á hönnunargögnum ásamt fylgiskjölum með áritun sinni á EB 4-31.

*: Arkitekt afhendir eftirliti 5xA1 og eftirlit afhendir verktaka 4xA1.

# Daglegt eftirlit

- Gæðaeftirlit
- Úttektir í samráði við hönnuði
- Kostnaðargát
- Verkþáttarýni
- Upplýsingagjöf
- Afgreiðsla krafna
- Framvindueftirlit
- Eftirlitsskýrslur
- Samskipti við yfirvöld

# Áhlaupa-listi

| Nr. | Dags | Viðbrögð | Staða | Lýsing | Skal lokið Dags |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **Hver** | **Opið / lokið** | | **Dags** |
| 15/25 | 04.04.02 | ÓGB | **Opið** | Samantekt á þrýstiprófunum/úttektum | viku 2 |
| 18/28 | 16.05.02 | VSÓ/ ÓGB | **Opið** | Ganga frá samþykktum kröfum | viku 5-6 |
| 25/20 | 29.08.02 | Spítali | Lokið | Skilgreina höfuðlyklakerfi | viku 2 |
| 25/22 | 29.08.02 | ÓGB | **Opið** | Skila inn til eftirlits frumriti af ábyrðaryfirlýsingu v/ felliþröskulda | viku 2 |
| 25/22 | 29.08.02 | ÓGB | **(Opið)** | Skýringu á mismuni á merkingum flísa | viku 2 |
| 26/20 | 12.09.02 | FSR | Lokið | Hafna eða samþykkja tilboð í stálvegghlífar í skolrými | viku 2 |
| 29/20 | 25.10.02 | Spítali | Lokið | Ljúka breytingum á inntaki vatns svo tæknikerfi geti annað fullu álagi. | viku 2 |
| 31/22 | 21.11.02 | ÓGB | **(Opið)** | Skila inn gögnum varðandi efnissamþ. í fyrirlestrasal (t.a.m stólar) | vika 2 |
| 31/28 | 21.11.02 | FSR/AV/VSÓ | (Lokið) | Samþykkja eða hafna tilboði ÓGB í tjarnarkerfi | vika 48 |
| 33/20 | 17.12.02 | FSR/RH | Lokið | Samþykki á viðbót fyrir mónitorlagnir | vika 51 |
| 35/28 | 16.01.03 | ÓGB | **Opið** | Tilboð í viðbótarverk v/ sprinklers | Vika 3 |
| 35/20 | 16.01.03 | Tröð/VSÓ | Lokið | Frágangur á vegg við fiskabúr | Vika 3 |
| 35/20 | 16.01.03 | AV | Lokið | Gaumlúgur v/ stillingar á loftræsikerfi | Vika 3 |
| 35/20 | 16.01.03 | RH | **Opið** | Ljúka við teikningar í tengslum við viðbætur og viðbótarverk | Vika 5 |
| 36/20 | 30.01.03 | Tröð | **Opið** | Breyta teikn. af innréttingum við fiskabúr | Vika 5 |
| 36/20 | 30.01.03 | RH | **Opið** | Teikn. af tengingu við tengibretti fyrir sjúkrasúlur | Vika 5 |
| 36/20 | 30.01.03 | Verkkaupi/RH | **Opið** | Fyrirkomulag aðgangs- og innbrotaviðvörunarkerfis | Vika 5 |
| 36/24 | 30.01.03 | ÓGB | **Opið** | Afrit af úttektarskýrslu Vinnueftirlits ríkisins á lyftum | Vika 5 |
| 36/20 | 30.01.03 | Tröð | **Opið** | Deili af frágangi kerfislofts í fyrirlestrasal fyrir ofan svið | Vika 5 |
| 36/20 | 30.01.03 | RH | **Opið** | Ákveða lagnaleið fyrir stýringu útihurðar í anddyri | Vika 5 |
| 36/24 | 30.01.03 | Hönnuðir | **Opið** | Skila inn reyndarteikn.til byggingarfulltrúa | Vika 5-7 |

# Afgreiðsla krafna

fsr
FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

EB 4-71

**AUKAVERK nr. 1**

VERKHEITI: Barnaspítali Hringsins, innanhússfrágangur

VERKTAKI: ÓG bygg

Reikningur nr: 1235

**ÁSTÆÐA AUKAVERKS:**

Kjarnabora þarf 4 stk ø250 mm göt fyrir loftræsistokka á 4. hæð gegnum 370 mm plötuna annars vegar og vegg hins vegar sbr. meðfylgjandi teikningar.

**LÝSING Á AUKAVERKI:**

Fjallað hefur verið um aukaverk m.a. í minnisblaði nr. 25 frá verktaka (i086_ÓGB) og 26 (i107_ÓGB), u111_ÓGB.

Samið er um fast verð 18.000 kr per gat.

**KOSTNAÐUR VIÐ AUKAVERK:**

| | |
|---|---|
| Umsamið fast verð: | Kr. 72.000,- |

| | | | |
|---|---|---|---|
| TÍMAVINNA. | Fjöldi klst: | Verð pr. klst: | Samtals Kr. |

| | |
|---|---|
| Efniskostnaður (hver): | |
| | Kr. |

| | |
|---|---|
| Annar kostnaður (hver): | |
| | Kr. |

| | |
|---|---|
| KOSTNAÐUR ALLS SKV. REIKNINGI: | Kr.72.000,- |

Dagsetning aukaverks: 09.01.02

Samþ. f.h. verkkaupa dags. 09.01.02

Samþykkt f.h. verktaka

Samþykkt f.h. verkkauka

fsr

# Framvinduskýrslur

- Verkstaða tekin mánaðarlega
- Samanburður á greiðslustöðu og áætlun
- Framvinda næstu mánaða áætluð
- Tillögur og ákvarðanir um efnisval
- Úttektum og gæðaeftirliti gerð skil
- Framkomnum kröfum verktaka gerð skil
- Upplýsingar um samskipti við yfirvöld
- Athugasemdir og tillögur um framkvæmd

## Reikningar

## Yfirlitsblað

EB 4-41a

**Reikningsuppgjör**
**Verksamningur**

FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

| | | |
|---|---|---|
| Barnaspítali Hringsins, Innanhússfrágangur<br>Verkheiti | 09.01.1999<br>Dagsetning verkstöðu | 21.09.2001<br>Verk hafið |
| Ólafur og Gunnar byggingarfélag ehf<br>Verktaki | 681195-2709<br>Kennitala | 31.01.2003<br>Umsamin verklok |
| Samningur nr. | 24<br>Greiðsla nr. | 1475<br>Meðfylgjandi reikningur nr. |

### Greiðsluliðir

| Kafli | Verkþáttur | Til greiðslu nú | Verkhl.nr. | Samtals greitt |
|---|---|---|---|---|
| 3. | Lagnir | 0 | 55730 | 133.311.629 |
| 4. | Rafkerfi | 4.443.688 | 55740 | 142.339.443 |
| 8. | Frágangur innahúss | 10.932.382 | 55750 | 291.772.603 |
| 9. | Aukaverk | 0 | | 0 |
| | **Samtals** | **15.376.070** | | **567.423.674** |
| | **Biðgreiðsla** | | 55798 | |
| | **Samtals að frádr. biðgreiðslu** | | | |
| | **Verðbætur** (Vísit. reikn. / Vísit. Samn.) | | 55799 | |
| | **Til greiðslu samtals** | **15.376.070** | | |

Reikningsupphæð kr.

Athugasemdir:

Fylgiskjal með framvindureikningi nr.24 1475 frá verktaka.

f.h. verkkaupa

f.h. verktaka

# Verkþáttarýni

- Stuðlar að réttri útfærslu á verkþættinum
- Fer fram 2 vikum áður en framkvæmdir hefjast
- Tryggir að öll gögn sem varða málið liggi fyrir
  - samþykktar teikningar
  - réttar verklýsingar
  - efnis- og búnaðarlýsingar
- Tryggir að skilningur verktaka, hönnuða og eftirlitsaðila sé sá sami
- Ætlað að virkja innra eftirlit verktaka
- Markmið að finna og leysa þá þætti sem gætu valdið göllum í útfærslu og framkvæmd

# Verkþáttarýni

**VSÓ**

VSÓ RÁÐGJÖF — Borgartúni 20 105 Reykjavík sími 585 9000 símbréf: 585 9010 netfang: vso@vso.is

**Barnaspítali Hringsins, innanhússfrágangur – EFTIRLIT** BL_03

**VERKÞÁTTARÝNI** Bls: 1 af 2

Verkþáttur : Loftræsikerfi Dags: 20.11.2001

Tilv: VÞR2

Boðaðir: Fundarmenn:

Verktaki : Árni Guðlaugsson, ÓG Bygg

Undirverktaki : Guðmundur Hannesson, Ísloft

~~Byggingastjóri~~ : Gardar Erlendsson, Ísloft

Verkstjóri : Andrés Gíslason, Axel Friðriksson, ÓG Bygg

Eftirlit : Gylfi Magnússon, VSÓ

Hönnuðir : Sigríður Magnúsdóttir, Tróð

Síðari verkþættir : Þorlákur Jónsson, AV

Teikningar nr. : Gildandi teikningar skv. teikningaskrá AV

Lýsing : Yfirferð á teikn. sérstaklega m.t.t. árekstra við önnur fagkerfi.

Efni, aðföng :

Útfærsla, stutt lýsing :

Athugasemdir : Sjá meðfylgjandi fylgiblöð.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Verktaki | ÓG Bygg | Dags. | | Undirskrift | Árni Guðlaugss |
| Eftirlit | VSÓ | Dags. | 20.11.2001 | Undirskrift | Gylfi Magnússon. |
| Hönnuðir | | Dags. | | Undirskrift | Sigríður Magnúsdóttir |

# Eftirlitsskýrslur

- Niðurstöður reglubundins eftirlits
- Á formi úrtaks-eftirlits
- Staðfest að tilteknir þættir verksins hafi verið framkvæmdir í samræmi við settar kröfur
- Eftirlitsaðili innkallar gögn frá verktaka varðandi innra eftirlit hans, tæknilegar upplýsingar og niðurstöður prófana
- Eftirlitsskýrslur  afhentar verkkaupa í lok verksins

# Kröfugerð verktaka

| | |
|---|---|
| **Markmið** | Að tryggja að kröfur frá verktaka fái réttláta meðhöndlun. |
| **Framkvæmt af** | Eftirlitsmanni. |
| **Hvenær** | Þegar kröfur eru lagðar fram. |
| **Tilvísanir** | EB 4-81 Kröfur – yfirlitsblað. |

---

## Ábyrgð:

Verkefnisstjóri er ábyrgur fyrir því að unnið sé skv. verklagsreglunni. Eftirlitsmaður leggur mat á kröfugerð verktaka og sér um skráningu upplýsinga.

## Framkvæmd

Hverslags skriflegar kröfur frá verktaka skal meðhöndla þannig að hagsmunir verkkaupa séu ávallt í fyrirrými. Verkkaupa skal tilkynnt um kröfur svo fljótt sem auðið er (sjá nánar í kafla um framvinduskýrslu).

Kröfur frá verktaka geta verið m.a.:

- Lenging á verktíma
- Aukagreiðslur
- Endurskoðun einingarverðs

Kröfur frá verktaka skulu meðhöndlaðar skv. eftirfarandi ferli:




Ónógur rökstuðningur

Eftir yfirferð, sendir eftirlit verkkaupa mat sitt á kröfugerð verktaka.

Verkkaupi tekur endanlega ákvörðun og afstöðu til kröfugerðar (bókað í fundargerð, minnisblaði eða með öðrum staðfestum hætti).

Eftirlit eða verkkaupi tilkynnir verktaka skriflega um endanlega afstöðu verkkaupa til kröfugerðar.

# Meðhöndlun frávika / galla

| | |
|---|---|
| **Markmið** | Að tryggt sé að haldið sé skipulega utanum skráningu frávika og eftirfylgni endurbóta. |
| **Framkvæmt af** | Eftirlitsmönnum. |
| **Hvenær** | Þegar frávik og/eða gallar koma fram í framkvæmdinni. |
| **Tilvísanir** | EB 4-61 Fráviksskýrsla, EB 4-62 Athugasemdablað. |

---

**Ábyrgð:**

Verkefnisstjóri er ábyrgur fyrir því að unnið sé skv. verklagsreglunni. Eftirlitsmaður er ábyrgur fyrir umsjón og skráningu frávika og eftirfylgni með úrbótum.

**Framkvæmd:**

Öll frávik sem eftirlitið leiðir í ljós skal skrá á athugasemdablað. Enn fremur frávik sem verktaki vekur athygli á. Skrá skal þær ráðstafanir og fyrirmæli sem frávikið kallar á. Þær geta verið eftirfarandi:

- breytingar á hönnun
- úrbætur vegna galla í framkvæmd verktaka
- engin aðgerð

Þegar úrbætur hafa verið gerðar og eftirlitið hefur fullvissað sig um að þær séu fullnægjandi skal eftirlitsmaður kvitta fyrir það á fráviksskýrsluna EB 4-61 og/eða athugasemdablaðið EB 4-62.

Eftirlit skal jafnan leita umsagnar / samþykkis hönnuða á úrbótum. Þegar frávik eru minniháttar að mati eftirlitsmanns nægir að fylla úr athugasemdablaðið EB 4-62. Ef nauðsynlegt er talið að mati eftirlitsmanns eða verkefnisstjóra eftirlits, vegna umfangs frávika, er frávikaskýrslan EB 4-61 fyllt út.
Orðsending, teikningar, skissur eða önnur þau skjöl sem við eiga í hverju tilfelli og eru til skýringar á fráviki / úrbótum skulu heft við fráviksskýrslu eða athugasemdablað.

**Skráning:**

1. Frávikaskýrsla EB 4-61

2. Athugasemdablað EB 4-62


L A F Í
HANDBÓK
LAGNAKERFA
29
Hitatækni ehf
Síur fyrir loftræstikerfi
ALERTON
Stýringar fyrir hita
og loftræstikerfi
Hússtjórnarkerfi
REGIN
Stjórntæki fyrir
loftræsti- og
hitakerfi
SABIANA
Loftræstisamstæður
og hitablásarar
MYSON
Ofnlokar
Útgefandi:
LAGNAFÉLAG ÍSLANDS
RITSTJÓRN:
KRISTJÁN OTTÓSSON
GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON
SVEINN ÁKI SVERRISSON
ÁBYRGÐ: KRISTJÁN OTTÓSSON
1. TBL. 17. ÁRGANGUR DESEMBER 2002

Handbók lagnakerfa



**Eftirtaldir aðilar gera "Handbók lagnakerfa 29", útgefin af Lagnafélagi Íslands 28. desember 2002, að fyrirmynd við uppsetningu og efnisval við gerð handbóka fyrir lagnakerfi.**

**Byggingarfulltrúinn í Reykjavík**
*Magnús Sædal Svavarsson, tæknifræðingur*

**Almenna verkfræðistofan hf.**
*Ólafur Árnason, verkfræðingur*

**Framkvæmdasýsla ríkisins**
Óskar Valdimarsson, forstjóri

**Fjarhitun hf.**
*Gunnar Geirsson, tæknifræðingur*

**Háskóli Íslands**
*Dr. Valdimar K. Jónsson, vélaverkfræðingur*

**Hönnun hf.**
*Rúnar Sigmarsson, verkfræðingur*

**Tækniháskóli Íslands**
*Guðmundur Hjálmarsson, byggingatæknifræðingur*

**Lagnatækni ehf. hönnun og ráðgjöf**
*Friðrik S. Kristinsson, tæknifræðingur*

**Lagnakerfamiðstöð Íslands**
*Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri*

**VGK verkfræðistofa hf.**
*Ragnar Kristinsson, tæknifræðingur*

**Reykjavíkurborg, Umhverfis og tæknisvið Fasteignastofa.**
*Einar H. Jónsson, tæknifræðingur*

**VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.**
*Níels Indriðason, verkfræðingur*

**Lagnadeild Rannsóknarstofnunar byggingaiðnaðarins.**
*Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, verkfræðingur*

**Verkfræðistofan Önn ehf.**
*Gunnar H. Pálsson, verkfræðingur*

**V.S.B. verkfræðistofa ehf.**
*Sveinn Áki Sverrisson, tæknifræðingur*

**V.S.Ó. Ráðgjöf ehf.**
*Kjartan Helgason, tæknifræðingur*

# “Húsdiskur”

- Upplýsingar á geisladiski um:
  - Iðnmeistara, byggingarefni, söluaðila
- Reyndarteikningar
- Myndir og kynningar (video)
- Samningar og uppgjör
- Skilamat og aðrar skýrslur
- Handbók lagnakerfa
- Rekstrarleiðbeiningar
- Sett upp fyrir allar nýbyggingar FSR


fsr
FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS
HÚSDISKUR
BARNASPÍTALI
HRINGSINS
2003